


Útgeislar

Tímarit um lífsambond við aðrar stjórnur 30. tgl. Des. 1980



Íbúi annarar stjórn er það sem vanalega talar fyrir munn hins
sofandi miðils.

Helgi Pjeturs

Stjörnuskoðun með berum augum

Tunglið, Venus og Júpíter (Sjá forsíðumynd)

Heillandi er að horfa til himins á heiðskíru vetrarkvöldi og njóta þeirra dásemda, sem þar blasa við augum. Og fjölbreytileikinn er þar meiri, en í fljótu bragði kann að sýnast. Himinninn hefur upp á svo margar furður að bjóða. Fyrir þann, sem óvanur er stjörnuskoðun, kann svo að virðast, í fljótu bragði, sem himinninn sé alsettur stjörnum á ringulreið, sem erfitt sé að átta sig á hverjar séu. En með nokkurri æfingu kemur í ljós, að björtustu stjörnurnar mynda ýmiskonar merki eða þyrpingar, sem kallast stjörnumerki, og eru allgreinilega aðskilin hvert frá öðru. Nefna mætti sem dæmi: Orion, Svaninn, Hörpuna, Tvíburana og Karlsvagninn, sem öll eru áberandi og fögur stjörnumerki og margar stjörnur þeirra eru mjög bjartar og fagrar.

Eitt er t. d. einkenni stjarna, sem auðvelt er að greina með berum augum, en það er mismunandi litarháttur þeirra. Sumar eru bláleitar, aðrar hvítar, gular eða rauðar og fer þetta eftir yfirborðshita þeirra. Stjörnur eru einnig ákaflega misbjartar að sjá, og fer það ekki eingöngu eftir birtustigi þeirra, heldur einnig og ekki síður, eftir fjarlægð þeirra, héðan að sjá. Nálægstu sólstjörnur eru í aðeins nokkura ljósára fjarlægð, en aðrar í tugþúsunda ljósára fjarlægð og allt þar á milli.

Um sólinna ganga nokkrar reikistjörnur. Það eru dimmir hnettir eins og jörðin og þiggja birtu sína frá sólinni. Sumir þessara hnatta sjást mjög vel með berum augum. Það eru reikistjörnurnar Venus, Mars, Júpíter og Satúrnus. Venus er nær sólu en jörðin og er ýmist morgunstjarna eða kvöldstjarna, og hefur mesta sýndarbirtu allra stjarna himins. Júpíter er stærsta reikistjarna sólhverfisins og þrátt fyrir mikla fjarlægð, er hann mjög bjartur á að sjá. Stundum ber við að nokkrar reikistjörnur eru á sama stað á himni, frá okkur að sjá, og er þá himinninn fagur á að líta á því svæði, ekki síst ef þær ber þá einnig við bjartar fastastjörnur. Þannig var því varið veturninn 1979—1980. Þá voru samankomnar á einum bletti: Sólstjarnan Regúlus í Ljónsmerkinu og reikistjörnurnar þrjár: Mars, Júpíter og Satúrnus. Var fagurt á að horfa og fróðlegt að fylgjast með afstöðubreytingum þeirra hvarrar til annarrar, með hverri vikunni sem leið.

Forsíðumyndin sýnir samstöðu tunglsins, Venusar og Júpíters, þar sem þessir þrír hnettir eru í beinni línu og sýnast vera rétt hver hjá öðrum.

Ingvar Agnarsson.

Erindi og greinar

FRAMVINDA LÍFSINS

Erindi flutt í Félagi áhugamanna um heimspeki, 2. nóv. 1980.

A. Um Teilhard de Chardin. Æviatriði

„Það hafði Sæmundur heyrt í fornnum spám, að sér væri sálufélag ætlað með fjósamanni á Hólum; gjörði þar fyrir ferð til Hóla norður; leyndist í fjósið þá nautamaður var að taka hey; gekk bás frá bás og skar helsi af hverju nauti; gengu þau svo laus úr básunum. Svo kom nautamaður fram, og sá hvað um var; bað guð hiálba sér og mælti eigi stærri orð, bætti svo niður nautunum og gekk frá. Aptur gekk Sæmundur í básana, skar öll bönd sundur, og sleppti öllu lausu. Nautamaður kom að og sá enn nú hvað um var að vera; bað guð því meira sér til hjálpar sem meira á gengi. Þá gaf Sæmundur sig í ljós og gladdist af sálufélaginu.“

Þjóðsögur Jóns Árnasonar.

Mér þykir hlýða að taka hér upp í inngangi að erindi um Teilhard de Chardin og Helga Pjeturss þessa sögu af Sæmundi fróða sem frá öndverðu hefur verið tengiliðurinn milli Parísar og Íslands. Ef ekki annars vegna, þá vegna þess, að þróunarfræðingurinn Helgi Pjeturss studdist við þetta orð, sálufélag, meðan hin nýja heimspeki hans var enn í mótu (1911—1919) um það sem hann síðar nefndi lífsamband og hugsamband. Og í öðru lagi vegna þess, að líf og hugsun þess annars þróunarfræðings sem hér var nefndur, virðist á ýmsan hátt hafa verið svo samstiga lífi og hugsun Helga, að vel mætti láta sér koma í hug einhverskonar sálufélag þeirra á milli.

Pierre Teilhard de Chardin var fæddur 1. maí 1881 í Puy-de-Dome í Mið-Frakklandi, og var faðir hans landeigandi aðalsmaður, sem

jafnframt var veiðimaður og náttúruskoðandi, og er talið að hann hafi haft mikil áhrif á son sinn til náttúruskoðunar strax í æsku. Um móður hans er þess getið, að Voltaire hinn pennafæri hafi verið langalangaafbróðir hennar, eða eithvað nálægt því að skyldleika, en þó er hún sögð hafa verið frábitin öllu háði og hæðni, verið trúuð kona og góð móðir. Börnin voru ellefu og var Teilhard hinn fjórði í röðinni. Hann var snemma settur í skóla, sem Jesútar stýrðu, og var jafnan meðal hinna fremstu. Síðar átti hann eftir að tengjast munkareglu þessari á örlagaríkan hátt.

Pess er getið um æsku Teilhards, að hann fékk fljótt mikið dálæti á járni og stáli, og segist honum svo frá, að hann hafi að vísu verið mjög þægur og góður krakki, hlýtt fúslega á sögur móður sinnar af hinum góða Jesú, og viljað láta sér þykja vænt um hann.

En í sannleika sagt, segir Teilhard, var hugur minn bundinn við allt annað. Lýsir hann því síðan, hvernig ást hans og áhugi beindist umfram allt að hlut nokkrum úr stáli, nefnilega skrúflykli, sem hann hafði fundið og eignað sér. Hann lýsir þessu þannig, að sér hafi ljómað eitthvað undursamlega stórkostlegt í gegnum stálið, eða í stálinu. Faldi hann skrúflykilinn á afviknum stað og dáði hann þar á laun. Einnig öðrum hlutum úr stáli — t. d. skrúfboltum, safnaði hann saman í felustaðinn. En þetta með skrúflykilinn og boltana minnir reyndar undireins á hamrana, sem Helgi Pjeturss hafði svo mikið dálæti á þegar í æsku, og síðar urðu verkfæri hans við rannsóknir.

Teilhard spyr sig þeirrar spurningar, hversvgna það þurfti endilega að vera stál, sem hann tók þessu ástfóstri við. Þetta var af því, segir hann, að stálið var svo þungt í sér og þétt fyrir. Eða með öðrum orðum, efnislegt á mjög ótvíraðan hátt. Það er efnishygjumaðurinn, sem þarna segir til sín. En þá má ekki heldur gleyma ljómanum í gegnum stálið. Teilhard leitaði guðs í efninu, í lífinu, í veruleikanum, en hann trúði aldrei fyllilega á þann guð, sem væri utan við lífið og tilveruna, og sumir vilja geyma í nokkurskonar sérherbergi, vel aðgreindu frá herbergi náttúrunnar.

Eftir að Teilhard hafði útskrifazt úr skóla Jesúíta, 18 ára gamall, gerðist hann lærlingur hjá þeim, það er guðfræðinemi ásamt ýmsu öðru. Náttúrufraði stundaði hann af mestum áhuga, en ekki er að efa, að menntun hans hefur verið mjög alhliða. Pess er sérstaklega getið, að lítið verði vart við trúaráhuga hjá honum á þessum árum.

Eftir Englandsdvöl og Egyptalandsdvöl á fyrstu árum aldarinnar — þar sem Teilhard reyndi á þrek sitt og hæfileika með ýmsu móti

og komst í snertingu við strauma tímans, tekur hann vígslu í Englandi sem Jesúítaprestur árið 1911, áður en hann hverfur þaðan heim til Frakklands eftir langa dvöl. Í Englandi hafði hann stundað jarðfræði af miklu kappi, og er þetta einmitt á þeim árum, sem tengsl Helga Pjeturss við enska jarðfræðinga voru sem nánust. Það gæti virzt mótsagnakennt, að maður, sem var gagntekinn af anda Darwins, Huxleys og Bergsons, skyldi velja sér þá ævibraut, að gerast Jesúíta-prestur. En hvort sem það var nú þessi ákvörðun, sem skapaði honum trúaráhugann síðar, eða geymdur trúaráhugi, sem réði ákvörðuninni, þá er víst, að sú ákvörðun markaði ævi hans þann feril, sem úr því var ekki auðvelt að víkja frá eða segja skilið við. Næstu árin eftir þetta vex mjög frami Teilhards sem steingervinga-fræðings, og átti hann að fara að verða doktor í ágúst 1914, en þá brauzt fyrri heimsstyrjöldin út.

Öll heimsstyrjaldarárin starfaði Teilhard á vígvöllunum, lengst af sem sjúkraliði, og er til þess tekið, hve kjarkmikill hann var. Svo er sagt, að slíkt hafi verið óttaleysi hans gagnvart dauðanum, að einhverjir skotgrafafélagar hans gerðust kaþólskir trúmann, af því að verða þar til vitnis, því að þeir töldu, að hetjuskapur hans væri trúarlegs eðlis. Á þessum árum skrifast Teilhard reyndar sífellt á við frænku sína, Marguerite Teilhard-Chambon, og trúði henni fyrir öllum sínum hugsunum, og virðist samband þeirra hafa verið allnáid. Varðveitti hún allt, sem frá honum kom, eins og sjáaldur auga síns, og hafði það mikla þýðingu löngu síðar. 14. apríl 1916 liggur fyrir í handriti hjá honum bókin *Alheimslíf* (La Vie Cosmique) — einu til tveimur árum síðar en ritgerðin eða bókin *À annarri stjörnu* hjá Helga Pjeturss. „Alheimslíf“ er athyglisverður titill, einkum þegar þess er gætt, að bókin fékkst ekki gefin út fyrr en árið 1965, eða eftir hálfarar aldar bið. Það urðu líka örlog Teilhards sjálfs, að verða að berjast við það þau 39 ár, sem hann átti eftir ólifuð, að fá leyfi til að birta það, sem hann hafði þarna ritað, fyrst í hinni upprunalegu mynd, en síðar í þeirri umbreyttu mynd, sem *Fyrirbærið maður* (Le phénomène humain) er talið vera. Leyfið til þess fékkst aldrei, en bókin var gefin út árið 1955, skömmu eftir lát Teilhards, og þó ekki af því, að banninu hefði verið aflétt, heldur af því að handritið varð eftir hjá mönnum, eins og Julian Huxley, Louis de Broglie og öðrum slíkum. Og þeir spurðu engan nema sjálfan sig og samvizku sína, hvað mætti birta og hvað ekki. Bókin *Fyrirbærið maður* kann að vera mest lesna heimspekkir, sem komið hefur út á síðari hluta 20. aldar. Hún hefur að flytja frumlegan og sérstakan

skilning á framþróun lífsins, og það er sá skilningur, sem við eignum að reyna að nálgast hér, með samanburði við annan skilning, honum skyldan. — Það er vert að hafa í huga um leið, að bókin „Fyrirbæríð maður“ hefur ekki aðeins orðið víðfræg og víðlesin, heldur jafnframt geysilega áhrifamikil. Líklega hefur hún, öllum öðrum bókum fremur, orðið til að opna þróunarkenningunni leið inn í kaþólskuna, með öllum þeim hundruðum milljóna manna, sem þau trúarbrögð aðhyllast.

Um æviferil Teilhards eftir að hann reyndi árangurslaust að fá leyfi til að gefa út bókina *Alheimslíf*, er þess sérstaklega að geta, að hann var löngum í útlegð í Kína, þar sem síður þótti stafa hætta af skoðunum hans. Gerðist reyndar mikil saga af dvöl hans þar. Hann varð m. a. þátttakandi í því, sem jarðfræðingur að uppgötva Pekingmanninn um 1930, ásamt Johann Gunnar Andersson hinum sánska, Davidson Black hinum bandaríksa, og Kínverjanum dr. Pei, en þessir þrír eru einkum taldir eiga heiðurinn af því, að hafa uppgötvað Pekingmanninn. Í hinu smáa samfélagi úrvals vísindamanna sem þarna var, naut Teilhard sín vel, og mest starfaði hann þarna með W. K. Ting, vfirmanni jarðfræðirannsóknar Kínaveldis. Það er dálítið gaman að því, að báðir heir Johann Gunnar Andersson og dr. Ting eru nefndir í Nvöllum Helga Pjeturss, í heimspekilegu sambandi, og mætti líta á þetta sem nokkurskonar tengsl milli Teilhards og Helga, sem bera. ásamt öðru, vitni um andlegan skyldeika þeirra.

Ég hef, í bók minni ASTROBIOLOGY skrifanda (bls. 18), að Teilhard hafi séð sín mikla árið 1910, og hafði ég þetta eftir minni úr einhverju, sem ég hafði lesið fyrir löngu. Síðar komst ég að þeirri niðurstöðu, eftir að ég hafði kynnt mér ævi Teilhards betur, að þetta mundi hafa orðið um 1916. En vantaði bó heimildir fyrir þessu. Útlendur vinur minn skrifanda líka ýmsum fræðimönnum um þetta, en fékk allsstaðar sama svar, að ekki væri til þessa vitað. En í vikunni aður en ég hélt þetta erindi, barst mér í hendur sú bók Teilhards, sem nefnist *Sálmur um alheiminn*, og þar fann ég þetta. Ég þykist fyrir mitt levti ekki burfa að vera í neinum vafa um, að það er reynsla Teilhards sjálfss, sem hann er þarna að segja frá, enda þótt hann af sérstökum ástæðum hafi kosið að bera deyjandi vin sinn fyrir henni. — Teilhard hafði „séð Krist“ og það var það, sem gerði hann að „viðsjárverðum manni“ í augum reglubræðra — jafnvel engu síður en hitt, hvað hann talaði umbúðalaust og frjálslega um staðreyndir þróunarkenningarinnar.

Þorsteinn Guðjónsson.

B. Samanburður á þróunarskilningi Teilhards de Chardin og Helga Pjeturss

1. Upphaf og elzta þróun.

Það var tilkynnt, samkvæmt fyrirsögn, að hér ætti að bera saman skilning þessara tveggja manna á framþróun lífsins. Það er litið á lífið sem fyrirbæri, sem þróast í efni, eða sem þátt í þróun efnisins. Þess vegna verður að segja sögu efnisins um leið og saga lífsins er sögð. Um uppruna efnisins segir Demokritos, að atómin falli í sífellu frá „hinu óþyrjaða“, því sem ekki á sér upphaf, út í tómið eða geiminn. Kemur þetta mjög vel heim við kenningu Fred Hoyles um sísköpun efnisins. — Önnur kenning um uppruna efnisins, sem meira fylgi hefur nú, einkum á Vesturlöndum, er sú, að gífurlegur hvellur hafi orðið fyrir 18.000 milljón árum og þaðan séu allar vetrarbrautir runnar. Mér hefur alltaf fundizt sú kenning mjög undarleg, en vera má, að það komi meir til af því, hvaða framsetning henni er venjulega valin, en af því hvernig hún er í sjálfri sér. Í spekiljóðum er sums staðar talað eins og heimurinn hafi orðið til í þögn. „Ár var alda, þats ekki vas“ segir í Völuspá. Og hjá Einari Benediktssyni segir: „Heimsnóttin drottnaði, líft var ei ljósi. Né lind flaut af mold, Hún var þorrin að ósi“. Allar uppsprettur voru þagnaðar. — Og ennfremur: „Hver lífsglóð var alslokkin innst inn í kjarna. Á öræfum himnanna bлиkaðи’ ei stjarna“. Hann er að tala um það sem var, eftir að hinn fyrri heimur hafði eyddur verið, um þá auðn og þögn, sem varð þar á milli.

Það mætti vel hugsa sér að slík skil hafi raunar verið milli hins eldra heims og þess sem nú er, en hitt er fjarstæða, að slíkur skapaður heimur geti verið allt sem er. „Saga heimsins er endanlegur þáttur í tilveru, sem er óendanleg“ segir Helgi Pjeturss í *Hinu mikla sambandi* árið 1918, og hef ég hvergi rekizt á neitt það, sem skýri betur hið elzta upphaf. En annar heimspekingur sem ég verð hér að nefna þó að enginn þekki hann, Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum, segir: „Sérhvað einstakt, sérhvað takmarkað í tíma og rúmi, hlýtur að eiga frumorsök sína fyrir utan sig“. En miklu ýtarlegar er þetta mál rakið í ritgerð frá árinu 1925, sem heitir: *Um tilgang heimsins og lífsins* (endurbirt í Ennýal 1929). Þar er talað um mikið upphaf, sem varð fyrir ævalöngu. Og nokkru eftir að sú hugsun er komin fram hér á Íslandi, fer fyrst að örla erlendis á þeirri kenningu, sem

ég nefndi hér í byrjun, kenningu belgiska ábótans Lemaitre-s um atómið mikla, sem síðar var nefnt því skringilega nafni „hvellurinn mikli“. Enda þótt þessi kenning hafi náð geysilegri útbreiðslu meðal vísindamanna, og verið auglýst meira en dæmi eru til um stjörnufraeðilegt efni, þá virðist alltaf vera eins og einhver hula yfir uppruna hennar. Hvergi hef ég séð það haft eftir, með hvaða örðum Lemaitre lýsti þessum viðburði allra viðburða, sem hann hugði hafa verið. Og þessi eina bók, sem hann hefur skrifað, útg. 1944, hefur framundir þetta verið óvíða til á söfnum, og ég get því ekki vitað, hvort honum hefur verið ljóst, að þetta einstaka atóm hans hlaut að hafa átt frumorsök sína fyrir utan sig. Ég fæ ekki heldur séð, að Teilhard hafi leitað neitt út fyrir þessi takmörk, en ljóst er að öll kenning hans í bókinni *Fyrirbæríð maður* gerir ráð fyrir sérstöku upphafi endur fyrir löngu. Segir Teilhard þaðan sögu heimsins, og vil ég nú reyna að rekja lítillega þetta söguefni hans, sem hann leggur áherzlu á, að sé hrein vísindi, en ekki nein einkaskoðun eða það sem menn kalla heimspeki í vafasamri merkingu. Það er rétt að benda á það um leið, að lesendur Teilhards á síðari árum skipta milljónum, og að andstæðingum hans, sem eru margir og margvíslegir, hefur ekki veitt auðvelt að sýna fram á að hann sé óvísindalegur í skrifum sínum.

Eins og við þekkjum í nútíðinni hin ýmsu stig lífsins, frá mannum, sem hugsar og veit og hefur menningu og þjóðskipulag, niður í einfrumunga, sem velkjast í vatni og lofti, þannig hefur þróunar-kenningin kennit okkur að skilja þessi stig í sögulegri framþróunar-röð, frá einu tímabili til annars. Að fara niður á við í þroskastiga lífsins, eins og það er í nútíðinni, samsvarar því, að fara aftur á bak í jarðsögunni, í tímanum, hinum algilda tíma sem ekki er afstæður. En Teilhard fer lengra en þetta, því að hann segir, að jafnvel hin ólífraðna efnar fræði og kjarneðlisfræðin endurspegli sögu heimsins lengra aftur. Samkvæmt efnar fræðinni bendir hann á, að öll frumefni þróast af vatnsefninu, og þetta tengir hann því, hvernig líf- tegundirnar í flokkum sínum og fylkingum, þróast jafnan af hinum einföldu og ósérhæfðu byrjunum. Og hann fer aftur fyrir vatnsefnið og segir eiththað á þá leið að ljós sé alls upphaf og sé það elzt, en síðan fari smáagnirnar að þróast, og verði loks að byggingarefni vetrnisins, sem síðan verður byggingarefni alls annars.

Á þennan hátt kemst Teilhard lengst aftur í fortíðina, til upphafs þess, sem hann hyggur að verið hafi. Og vel mætti til bráðabirgða gera ráð fyrir, að þetta sé hið sama upphaf og það, sem stjörnu-

fræðingarnir eru nú að miða við 18.000 milljón árin, og einnig hið sama og það, sem spekimál og vizkuord segja um hina elztu þögn.

2. Meðvitund í alheimi.

Við skulum nú hverfa frá hinum smæstu ögnum og elzta upphafi til þess sem nærtækara er, en það er sú merkilega fullyrðing Teilhards, að maðurinn hafi meðvitund. Ég veit ekki hvað mönnum kann að finnast um þetta, en það er þó staðreynd, að ýmsir þróunarfræðingar fyrr og síðar hafa sem minnst viljað gera úr þýðingu meðvitundarinnar í þróun lífsins. Þeir vildu vera formalistar, halda sig við það, að eitt lífsform tæki við af öðru í tímaröð, vildu rannsaka skilyrðin, tengslin og einhverjar orsakir, en jafnan frá sjónarmiði hins þátttökulausa, ótímabundna áhorfanda. Nátengd þessari geðbrigðalausu afstöðu var sú andúð, sem menn höfðu á því að tala um nokkuð sem varðaði stefnu í þróuninni, vilja og viðleitni, að ekki sé minnst á tilgang, sem var eitt hið vanþóknanlegasta, sem nefnt varð. Og má þó segja að sú vanþóknun hafi átt sér nokkrar ástæður.

En með sömu einbeitni og Teilhard sagði munkunum, að það þýddi ekki að berja höfðinu við steininn varðandi framþróunarkenningu, þá sagði hann náttúrufræðingunum, að það yrði með engu móti komizt framhjá því að hann, Teilhard, sem náttúrufyrirbæri, hefði meðvitund, eins og líka allir aðrir menn. Yrði því að viðurkenna, að meðvitundin væri til í alheiminum. Meðvitund manns um það að hann er til er ekki síður mikilvæg en sú saga heimsins, sem er viðfangsefni þessarar meðvitundar. Og í því sambandi verður honum litið til meðvitundar hinna æðri dýra og síðan ófullkomnari dýra, allt niður til frumunnar. Af þessu dregur hann þá ályktun, að ekki hafi aðeins allar lífverur vísi til meðvitundar, heldur einnig allt efni, allt frá fyrstu byrjun. Honum þykir fengur að því þegar hann er að skrifa þetta að rekast á það að kunnur „dialektískur“ líffræðingur, J. B. S. Haldane, kemst um þetta leyti líkt að orði. „Líf og meðvitund hljótum við að eiga bezt með að rannsaka þar sem þessi fyrirbæri birtast í skýrastri mynd, og ef þetta er rétt aðferð, hljótum við að finna bæði þessi fyrirbæri um allan alheiminn,“ segir Haldane. En í heimspeki Teilhards hefur þróun meðvitundarinnar, frá lægstu stigum til hinna æðstu, úrslitahlutverki að gegna. Alda meðvitundar fylgir rás viðburðanna, allt frá fyrstu byrjun, til þeirrar stundar sem nú er. Og við sem hér stöndum erum erfingjar tímans og meðvitundarinnar, alls sem að baki er.

Og með þetta að baki höfum við framtíðina í höndum okkar. Við höfum óvissuna, og við höfum völina.

3. Efnasambönd og lífsupphaf.

Bók Teilhards hin frægasta, *Fyrirbærið maður*, skiptist í fjóra aðal-kafla, og eðli málsins samkvæmt eru þeir þessir: 1. Um það sem var á undan lífinu. 2. Um lífið. 3. Um hugsunina. 4. Um framtíðina. — Petta er í réttri tímaröð eins og sjá má. Fyrsti hlutinn byggir á almennri efnafraði og heimsfraði, og það sem einkennir þá þegar alla framsetningu Teilhards er sú áherzla, sem hann leggur á hin hækkandi stig, frá hinu lægra til hins hærra, í réttri tímaröð, og einnig hitt, hve lagið honum er að sýna fram á eininguna í margbreytninni. Þegar hann lýsir því, hvernig efni jarðarinnar hafa náð því stigi að kristallast og síðar að pólymerast, þá týnir hann ekki hugsun sinni í hinum geysilega fjölbreyttu viðfangsefnum, heldur bendir hann á hvernig hvert nýtt stig skapar eins og hjúp eða himnu utan um jarðarhnöttinn, og er nýi hjúpurinn stefnumarkandi fyrir alla síðari þróun. Hver meiriháttar þróunarnýung leggur undir sig allan hnöttinn, og verður þannig undirstaða nýrrar þróunar. — En sérstaka athygli vekur það, að Teilhard hefur þarna um 1940 verið búinn að sjá fyrir sér stökkið frá stórum sameindum upp í lægstu lífverur, eins og það hefur síðar verið útlistað með nákvæmni af lífefnafræðingum. Teilhard skildi glöggt, að aðdragandi lífsins hlaut að vera í þróun efnisins, og hann varpaði frá sér reglu Pasteurs um að allt líf sprytti af lífi, og einnig, mjög ákveðið, tilgátu Arrheniusar um að lífsfrjó bærust til jarðarinnar fyrir ljósi. Teilhard segir, um 1940:

„Er hægt að hika við það eitt andartak að viðurkenna þann augljósa skyldleika, sem er milli hinna fyrstu lifandi vera og þeirra sambanda og forma, sem ríktu á því efta- og eðlisfræðilega stigi, sem var á undan lífinu?“

Fyrirbærið maður, II. hluti 1. kafla grein A.

Enginn þarf að fara í grafgötur um það að sá sem þannig ritaði á þeim tíma var sannur ví sindamaður, sem sá þá leið, sem síðar hefur reynzt rétt. Og má nú taka til samanburðar nokkrar setningar úr ritgerðinni *Grísk heimspeki og íslenzk* eftir Helga Pjeturss, en hún er um 20 árum eldri en rit Teilhards:

Eftið er samsett niður fyrir þau mörk, sem menn hugðu vera. Ódeilin, sem menn nefndu svo, atomin, eru hverfi

(system) af frumeindum, og eðlisfræðingarnir hafa nú fundið að eiginleikar frumefnanna koma fram við hina ýmiskonar samstillingu þessara frumeinda. Atomin samstillast, sameind efnafræðinganna verður til, og enn kemur magnanin fram á nýjan hátt, hin samsettum efni verða til. Sú sameindin sem margfaldlegast er samstilt, verður síðan undirstaða lífsins, því þegar samsafn er af slikum sameindum, getur magnanin komið fram sem líf. Nýall s. 479.

Menn taki eftir hvað er verið að segja þarna. Það er verið að halda því fram, um 1920, hér á landi, að rakin efnafræðileg leið liggi til lífsins, upp úr hinni líflausu náttúru. Á öðrum stað segir Helgi Pjeturss:

Hér verður að setja vel á sig þann höfuðskilning, að allt efni stefnir til lífs, stefnir til þess að verða lífinu háð og magnast af því. Nýall s. 261.

Það er augljóst hverjum sem vill sjá það sem er, að hugmyndir um skyndisköpun án aðdraganda koma hvergi fyrir hjá Helga né heldur Teilhard. Allar ásakanir um „vítalísm“ í slíkri merkingu, hjá þeim, eru úr lausu lofti gripnar. Það er rangtulkun þegar menn fara að flokka frumlega og skapandi heimspekinga eftir einhverjum formúlum, sem alls ekki eiga við verk þeirra.

4. Lamarck og lífsþróunin.

Meðal þess sem lýsir Teilhard bezt, bæði sem náttúrufræðingi og sem manni, er það hve hann er óhræddur við að taka upp þráðinn frá Lamarck, og í þessu efni á hann líka sammerkt við Helgi Pjeturss. Margir náttúrufræðingar nú á dögum mega helzt ekki heyra nafn Lamarcks nefnt án þess að fara á einhvern hátt að signa sig. En það verður að segja það eins og það er, að í sambandi við kenningu Lamarcks hafa risið ýmiskonar öfgar á báða bóga. Teilhard snerist við slíku ofstæki með því að benda á þá augljósu staðreynd, að í sambandi við þróunarkenninguna er það aðalatriði, að þróunin hefur átt sér stað — en hitt kemur á eftir, hvernig og hversvegna hún hefur átt sér stað. Um fyrra atriðið getur enginn neitað því, að þar var Lamarck hinn fremsti brautryðjandi, því að það var hann, sem fyrstur lagði fram, svo viðhlítandi væri ættartölu lífsins í jarðsögulegu samhengi. Hann rutti brautina og aðrir komu á eftir, þeirra á meðal Darwin. Getur enginn sem hugsar málið af skynsemi

látið sér til hugar koma, að slíkum árangri hafi verið náð, með jafn-bandvitlausri aðferð og mönnum er venjulega gefið í skyn að Lamarck hafi haft. Menn tala stundum um, að tilraunaraðir hafi ekki staðfest kenningu Lamarcks um að áunnir eiginleikar erfist, en þeir minnast sjaldnar á það, hvaða tilraunir andstæðingar þessarar kenningar hafa haft til þess að „afsnanna“ hana, eins og þegar þeir klipu skott af mósum í nokkra ættliði, og heimtuðu það svo af kenningu Lamarcks að fram kæmu skottlausar mós. En hitt mun sönnu nær, að lífið þroskist eingöngu af því, sem það leggur fram af sjálfu sér, því einungis þannig getur það verið sú minningauppgögg sem það er, en kenningar um minningaeðli lífsins eru hið beinasta og rökréttasta framhald kenningar Lamarcks.

Hvorugur þeirra Teilhards eða Helga verður með réttu kallaður and-darwiningur, og hvorugur gerði lítið úr þýðingu náttúruvalsins, en báðir töldu það ófullnægjandi sem aðalskýringu á hinni furðulegu sögu lífsins. Áhrif geislavirkra efna á erfðastofnana hnekkjá í engu þessum skilningi þeirra. Leikur tilviljana og blindra náttúrukrafta er jafnan fyrir hendi, segir Teilhard, en það er lífið og meðvitundin sem velur á milli og finnur sér leið, en það er ekki þannig að hinir blindru kraftar eins og ýti eða þrýsti lífinu fram.

Um viðhorf Helga Pjeturss til Lamarcks og Darwins á yngri árum hans sem náttúrufræðings má m. a. lesa í ritgerðinni *Hreyfing og vöxtur* (1904) og í þýðingu hans á ritni norska náttúrufræðingsins og læknisins G. Armauer Hansens um Darwinskenningu og framþróunarkenningu. Vera má að sú þýðing hafi átt einna drýgstan þátt í að rótfesta þróunarkenninguna hér á landi, en eins og kunnugt er, hefur slíkt hvergi gerzt fyrirhafnarlaust.

5. Kviknun lífsins og kraftur lífsins.

Teilhard de Chardin og Helgi Pjeturss urðu báðir fyrir áhrifum af heimspeki Henri Bergsons, og ýmsir telja, að kenning Teilhards um hin hækkandi meðvitundarstig, hafi mótað af hugsun Bergsons um „skapandi framþróun“ — enda þótt niðurstöður þeirra væru allólíkar. En þegar kemur að því sem Bergson hefur lagt til málanna um lífskraft, þá tekur Helgi Pjeturss skýrt fram, að hugmyndin um „elan vital“ eða lífsþrótt, sé meir í ætt við andríki en vísindi. En hið vísindalega telur Helgi vera að tala um lífið sem hleðslu, sem komi fram, hvar sem svo er fyrirbúið, að við henni geti orðið tekið.

Teilhard gerir eitthvað á þessa leið grein fyrir skilningi sínum á

orkunni: Honum verður hugsað til orkufjörunar alheimsins — entropi — sem menn hyggja vera óumflýjanlega, þegar til lengdar lætur, og hann þykist fá svar við henni í uppbyggingu lífsins. Það sem tapast á svíði hinnar ólífraenu orku sólnanna og frumeindanna, kjarnorkunnar og síðar efnaskiptaorku, það vinnst með hinum hækandi orkustigum lífsins, sem eru samfara hækandi meðvitundarstigum. Hann lítur svo á, að líf og hugsun sé hreint og beint voldugra afl en jötunkraftar hinna líflausu náttúru. En til þess að hækandi stig geti risið af hinum blinda leik ólífraenna krafta, sem hann kallar í einu lagi snertilorku eða tangentiella orku, er eitt nauðsynlegt: Það þarf að vera til einhver sá kraftur, einhver sú tilhneicing, sem *beinir* þróuninni í eina átt fremur en aðra, nefnilega í átt hinna hækandi meðvitundarstiga. Í hvert skipt sem slík hækkun tekst í lífi einstaklings og í erfðaefninu, er þessi radiella eða stefnugefandi orka að verki, og hún verður því ríkari þáttur í lífinu sem ofar dregur og síðar í þróuninni. Hin stefnugefandi orka er þróunarfræðileg nauðsyn að dómi Teihards.

Helgi Pjeturss hefur sagt: Lífið er tilraun til að ráða við og samstillu krafta hinnar líflausu náttúru . . . Menn munu glögglega sjá, að hér kemur fram önnur hlið á kenningu Helga um lífið sem magnan eða hleðslu, nefnilega sú sem víkur að tilgangi og stefnu í þróun lífsins. Undireins með þessari setningu er fengið efni til samanburðar við stefnuorkukenningu Teihards. Hugsun þeirra er skyld hvað þetta snertir, en gagnstæð þeim kennungum um gersamlega tilviljun arkennda framrás þróunarinnar, sem miklu fylgi hafa átt að fagna um langt skeið.

En um leið og menn eru farnir að hugleiða, hversu raunveruleg hún muni vera þessi stefnugefandi orka Teihards og sú hleðsla lífmagns sem Helgi Pjeturss talar um, vaknar spurningin um það, hvaðan sú orka muni vera runnin. Til þess að gera það mál stutt og einfalt, læt ég nægja að vísa til forngrískrar setningar, sem Helgi Pjeturss vitnaði oft til og kallaði gimstein heimsbókmenntanna, að því er heimspeki og vísindi varðar. Setningin er eftir Pýþagóras og hljóðar þannig: „að salir manna og dýra berist frá stjörnum“. Það er að segja: lífskrafturinn, hið niðurskipandi afl, sem veldur því að lífmyndirnar eru lifandi og vitandi, er kraftur frá fyrimyndum á öðrum stjörnum.

Já, lífið er komið frá stjörnum, segja þeir Pýþagóras og Helgi Pjeturss og reyndar Herakleitos líka, og því skyldi það vera svo ótrúlegt, fremur en t. d. að dagsljósið og rafmagnið í perunum er

komið frá annarri stjörnu, sólinni. Lífskrafturinn er þessi hæfileiki lífmyndanna til að samstillast stjarnanna á milli. Pegar þannig er litið á leysast sjálfkrafa ýmsar mótsagnir og ráðgátur, sem hinar fyrri og takmarkaðri lífskraftskenningar réðu ekki við, og urðu því að lúta í lægra haldi. En til marks um styrk þessarar kenningar má hafa þetta: Pegar við *spyrjum um kvíknun lífsins í árdaga þá* byrjum við á því að líta á frumuna eins og hún er í nútímanum t. d. í líkama okkar sjálfrá. Er hún hið fyrsta stig lífsins? Í frumunni er kjarni, og þar er kjarnasýra og eggjahvíuefn. Allt hárteini frumunnar bendir til þess, að kjarnasýran með samvinnu sinni við eggjahvíuefnin sé sú lífgeislamiðstöð, sem „ræður við og samstillir“ starfsemi frumunnar. Samkvæmt þessu ættu eggjahvíuefnin og kjarnasýran að vera á lífsstigi.

Pegar litið er svo hinsvegar, frá sjónarmiði hinnar ólífraenu þróunar á undan lífinu, á framkomu eggjahvíuefna og kjarnasýru við þróun efnisins, mælir margt með því, að með þeim samleik sem þar á sér stað, sé einmitt lífstiginu náð. Þá drögum við dæmin saman: Geislunin á samkvæmt þessu að vera komin á stig hraðsambanda milli stjarna um leið og samstillingu er náð milli eggjahvíuefna og kjarnasýra.¹

Pannig er kenning Helga Pjeturss um lífgeislun. Hún býður andmælendum til gagnrýni á hvaða stigi sem er, en hún á ekkert skylt við kenningar, sem segja allt og ekki neitt og hvergi verða festar hendur á. Kvíknun lífsins á jörðunni hlýtur að hafa orðið af því, að lífgeislun frá *fyrirmundum* á öðrum stjörnum náði að koma hér á sínu skipulagi. Síðan hafa hraðflutningar orku, gagnkvæm líforkuskipti sífellt farið fram milli jarðlífs og stjarnlífs — vitanlega þannig skilið að jarðlífið er einnig stjarnlíf, þegar að handan er horft, — en það ætti nú ekki að þurfa að segja hugsandi mönnum.

Helgi Pjeturss hefur sagt, eins og þegar var minnzt á, að lífið sé tilraun til að ráða við og samstilla krafta hinnar líflausu náttúru. Hér er greinilega gert ráð fyrir, að þróunin stefni í ákveðna átt, að ákveðnu marki, *þrátt fyrir* ýmsar frátafir og mistök. Lífið er reyndar tilraun sem getur mistekizt mjög alvarlega, og kemur sá möguleiki mun skýrar fram hjá Helga en Teilhard. Og Helgi kemst þannig að orði: „ég fann þennan kraft, sem svo mikið hefur verið talað um,

¹ Sbr. ritgerðir Porsteins Porsteinssonar, lífesnafræðings, um þetta efni.

og margir jafnvel neitað að til væri“. Hvar hann fann þennan kraft og hvernig, væri efni í sérstakt erindi, en ég læt nægja að vísa til rannsókna hans á svefni og draumum, og svo hinsvegar þessara velþekktu tilrauna varðandi hugsanaflutning, fjarhrif og slíkt, sem var m. a. viðfangsefnið á fjölsóttri vísindaráðstefnu hér í háskólanum í summar er leið. *Málið liggar ákaflega ljóst fyrir:* Ef fjarhrif eiga sér stað, er grundvöllur fyrir allri kenningu Helga Pjeturss. En ef þau fyrirbæri væru ekkert annað en heilaspuni, þá væri kenning Helga það engu síður. Ég minni á það, að jarðfræðikenningar Helga hefðu verið að miklu leyti án undirstöðu, ef skilningur hans á þursaberginu í Hrunamannahreppi hefði reynzt rangur. En reyndin er sú, að eftir þessu þursabergi hafa verið rakin nærrí þrjátíu jökul-skeið frá þriggja milljón ára tímabili. Það er ekkert ósennilegt, að sá sem lagði slíka undirstöðu í jarðfræði, hafi einnig gert það í þeirri alheimslíffræði sem hann lagði grunninn að. Sá sem sýnir sérstaka hæfileika og áreiðanleik á einu sviði er líklegur til að geta gert það á öðru. Ég held að okkur sé óhætt að gera ráð fyrir því, að lífið hafi kvíknað fyrir fjarhrif frá öðrum stjörnum.

6. Líkt og ólíkt hjá Teihard og Helga Pjeturss.

Ég hef hér að framan leitazt við að draga fram hliðstæður í verki Teihards og Helga, en nú langar mig til að minnast á þrjú meginatriði í kenningu Helga sem ekki eru hjá Teihard, og síðan enn að nýju á nokkuð, sem líkt er.

Fyrsta atriðið sem ég nefni er kenningen um lífstefnu og helstefnu. Þessari kenningu gerði Helgi grein fyrir í fyrsta lagi afl-fræðilega, þannig að lífstefnan væri í því fólgin að lífmyndirnar ykju hver annarri afl, en helstefnan í því að hið ófullkomnar samstillta aflhverfi lagaði hið fullkomnara eftir sér og eyddi afli þess. Í öðru lagi skýrði hann helstefnuna almennt sem spilllíf og ránlíf, sem þróazt hefur þegar hinu betur stefnda fataðist framsóknin, gleymdi hlutverki sínu. Í þriðja lagi benti hann á það, sem allra furðulegast er að enginn heimspekingur eða náttúrufræðingur annar skuli hafa komið auga á, en það er það aðaleinkenni á sögu lífsins, að þjáningin hefur aukizt. Teihard segir að meðvitundin hafi skýrzt og eflzt og er það rétt, en honum sést einkennilega yfir það, að þar fylgir böggull skammrifi ekki lítill. „Menn eru svo undarlega sljóir gagn-vartmannlegri þjáningu“ segir Helgi Pjeturss, en hann bætir líka við: „vitsljóir á ég við en ekki tilfinningasljóir“. Hann vildi á engan hátt varpa rýrð á þá, sem láta sig þjáningar annarra nokkrum

skipta og reyna að baeta þar úr. En honum þótti mjög á það vanta, að menn hugsuðu það mál nögu vel, því að öllu máli skipti að menn áttuðu sig í þeim efnum. Helgi Pjeturss uppgötvaði sem náttúrufræðingur leið hinnar vaxandi þjánings, og mætti segja að engin uppgötun sé þýðingarmeiri, því að hún skapar möguleikann til að hverfa frá þeirri leið og eyða allri þjánings.

Annað atríði mjög þýðingarmikið, sem ekki hefur komið fram hjá neinum öðrum, er uppgötun Helga Pjeturss á sambandseðli drauma, en um það efni ætla ég ekki að ræða hér, heldur legg það í sama dóm og spurninguna um fjarhrif, sem er raunar aðalspurning þessa erindis.

Priðja atríðið, og það sem er raunar ekkert smámál, er líf eftir dauðann. Þar sem þetta erindi á að miðast mest við lífsþróunina hér á jörð, læt ég ógert að ræða þetta mál að öðru leyti en því, að ég bendi á, að samkvæmt skilningi Helga á líf eftir dauðann heima innan lífsþróunarinnar í alheimi, ekki utan við líf og veruleika. Í þessu efni eru yfirburðir Helga gagnvart Teihard mestir, því að hinn síðarnefndi leggur þarna ekki til málanna frá sjónarmiði þekkingar, en er á trúarbragðastigi.

En þá kem ég að fjórða atríðinu, þeirri hugsun Teihards sem frægust hefur orðið, en það er kenning hans um noosphere eða vithvolf umhverfis jörðu. Hann víesar til þess, að fyrri náttúrufræðingar höfðu talað um steinhvolf eða málmhvolf jarðar, vatnshvolf og lofthvolf og síðast um lífhvolf eða biosphere. Orðið vithvolf er reyndar ekkert snilliyrdi í íslenzku máli, og mæli ég ekki með því, enda vill svo til að sömu hugsun eða líka hefur íslenzkur höfundur orðað vel með íslenzkum orðum, nefnilega Helgi Pjeturss. Hann ritar í Reykjavík um líkt leyti og Teihard er að semja bók sína austur í Peking (1940) þessi orð:

„*Jardfræðingar og landfræðingar tala um hina ýmsu bluta hnattarins sem liposfære (grjóthvolf), hydrosfære, atmosfære. Hinn mikli jardfræðingur Eduard Suess bætti þar við orðinu biosfære til að tákna lífsvið hnattarins. Og það er óefan enn ástæða til að bæta við orðinu bioradiosfære, afslvæði lífgeislana, sem umlykur hnöttinn.“*

Framnýall s. 133.

Aflsvæði lífgeislana sem umlykur hnöttinn! Það er lausnarorðið, sem sameinar hið liðna og bendir til hins ókomna og meira en það. Reyndar hefur slíkt aflsvæði verið að þróast hér allt frá fyrstu

byrjun lífsins, en þegar heilarnir urðu sterkir og mannvitið kom fram, færðist þetta afslvæði á það stig að verða afslvæði vitgeislunar, eða m. ö. o. noosphere Teilhards. Og við þessi vegamót er það sem hinn þrautgóði náttúrufræðingur Teilhard, sem alltaf hafði „haldið sig við jörðina“ og stutt mál sitt hversdagslegum náttúrufræðiröksemnum, fer að lyfta sér til flugs og tala af hugmóði. Noosphere skapast af allri vitstarfsemi mannkynsins samanlagðri, segir hann, og einsog mansheilinn er nýung í líffæraþróuninni, sem lengi hafði verið undirbúinn, þannig er vitið nýtt afl, sem alveg ótvíráett hefur skilið eftir sig spor í ásýnd jarðarinnar. Teilhard taldi að þróun mannkynsins ætti að miða áfram að ákveðnu, mjög undursamlegu markmiði, sem hann nefndi Depilinn Omega, þann sem alla þætti sameinar í æðri heild. Í samræmi við þennan skilning Teilhards á hinum sameinandi möguleikum hnattaflsvæðisins mætti líka líta svo á, að þjóðir og kynstofnar eigi að þroska sín sérkenni, til þess að geta gegnt sérstökum hlutverkum við myndun hins sameiginlega hnattaflsvæðis, líkt og líffæri í líkama eða hljóðfæri í hljómsveit. Ég endurtek að þjóðir og kynstofnar eigi að þroska sín sérkenni til þess að geta gegnt sérstökum hlutverkum við myndun hins sameiginlega afslvæðis, líkt og líffæri í líkama eða hljóðfæri í hljómsveit.

En hinsvegar er allt andstætt og fjandsamlegt því til tafar, að rétt samstilling takist. Og þá er líka komið að mergnum málsins um þróunarfræði Teilhards, en það er hvað hann hefur að segja um líf á öðrum stjörnum. Það væri augljós takmörkun á hverri þeirri kenningu sem fæst við þróun lífs og heims frá öndverðu að binda sig í því efni við einn einstakan hnött, af þeim billjónum og kvaðrilljónum sem hvarfa í geimnum. Pess verður að gæta, að andi þess tíma sem verk Teilhards ber upp á, hugatfar millistríðsárranna, var allt annað en hagstætt stjarnlífshugsun. Það var eins og hinir ólíkustu kraftar hefðu svarizt saman til að lama allt sem réttast stefndi í þeim efnum. Fundin var upp kenning sem átti að sanna, að sólhverfið með jarðstjörnum sínum væri hér um bil hið eina í öllum alheimi; í líffræðinni var sagt, að lífið hefði orðið til við eina, mjög ólíklega hendingu; væri einskonar slys; sagt var að meiri boðhraði en ljóssins væri óhugsandi, hvernig sem á væri litið, og svo framvegis. Þrátt fyrir þetta sýnir Teilhard hvað í hann er spunnið, því annað veifið fer að hvarfla að honum hugsun um líf utan jarðarinnar, og þó aldrei eins ákveðið og þegar hugmyndin um þróun hnattaflsvæðisins að Deplinum Omega nær tökum á honum, með þeirri hrifningu sem henni fylgdi. Hann segir:

„Samkvæmt því, að aukning hugaraflsins á jörðunni leidir til vaxandi óþreyju eða spennu í mannheimi, mætti spyrja í fyllstu alvöru, hvort lífið muni ekki einn góðan veðurdag sprengja af sér fjötra þeirrar fangavistar sem jarðstjarnan setur því — annaðhvort með því að komast til annarra, óbyggðra hnatta — eða, og sá möguleiki er ennþá stórkostlegri — með því að komast í hugsamband við aðra stæði í geimnum, þar sem meðvitund hefur náð að þróast. Að um samfundi verði að ræða og gagnkvæma frjóvgun milli tveggja hnattaflsvæða í geimnum . . . — Hvers vegna ekki, í alheimi þar sem vetrarbrautir eru sem smáeindir í geimnum?“

Það er þetta sem öll umtalsverð heimspeki stefnir að, meir eða minna ljóst og meðvitað. En eins og ég hef þegar tekið fram, er það hið einfalda og alkunna fyrirbæri, *fjarbrifin* — samband mannslíkama sem jafnframt er samband mannshuga, sem allt veltur á. Ég tel það hið verðugasta viðfangsefni fyrir félag áhugamanna um heimspeki og fyrir áhugamenn um heimspeki yfirleitt, að gera það upp við sig, hvað vera muni réttast í því efni. Og þegar menn hafa hugsað það mál, ættu þeir að láta skoðun sína í ljós og segja já, já eða nei, nei, — eins og meistarinn ráðlagði nemendum sínum og öllum mönnum endur fyrir löngu.

*Erindi slutt í Félagi áhugamanna um heimspeki, 2. nóvember 1980.
Porsteinn Guðjónsson.*

NÝR RITHÖFUNDUR?

Rétt fyrir jólin fékk ég í hendur erlenda bók, sem nefnist: *Dictionary of International Biography — 1980*“, en það mætti lauslega þýða: Albjóðlegir samtiðarmenn. Parna eru skráðir fjölmargir frægir hæfileikamenn af ýmsum þjóðlöndum, en þó fæstir hinna allra frægustu, því þeir standa í „International Who's Who“, en sumir standa í báðum þessum bókum.

Parna eru nokkrir Íslendingar, kunnir menn og velmetnir, í virðulegum þjóðfélagsstöðum — en þarna er einnig Þorsteinn Guðjónsson, rithöfundur og skrifstofumaður — og hvernig getur nú staðið á því? — Ég tel, að þar komi til greina, hve mjög hann hefur gefið sig við málefni Nýals, því að nú mun sá tími kominn, að sá þykir bezt hafa, sem réttast tekur á því máli, og ætti þetta að auka mönnum kjark, til að sýna stuðning sinn í verki, til dæmis með því að borga LÍFGEISLA, útbreiða þá og skrifa í þá.

Ég læt hér fylgja þýðingu á línumum í *Dictionary of International Biography*, sem mér eru tileinkaðar:

Guðjónsson, Þorsteinn, f. 4. okt. 1928. Rithöfundur, skrifstofumaður. Menntun: Háskólanám í Reykjavík og Osló 1949—1965. Stöðu-útnefningar: Skrifstofumaður. Félagi í: Félagi Nýalssinna (Félagi til kynningar á Nýalsspeki Helga Pjeturss). Rit: Astrobiology 1976 (á ensku). Líf er á öðrum stjörnum 1974 (á íslenzku). Heimilisfang ...

Parna er Félag Nýalssinna nefnt í þó nokkuð virðulegu samhengi, — enda þótt það félag hafi enn sem komið er ekki átt upp á pallborðið í íslenzku þjóðfélagi.

Þorsteinn Guðjónsson.

PRÍR ÁHRIFAMENN

Í fyrri greininni sagði ég að nú væri sá tími að koma, að hver mundi sá þykja beztur, sem mest vildi gera fyrir málefni Nýals.

Petta mun mönnum þykja því síður ótrúlegt, sem þeir hafa augun betur opin fyrir því, sem er að gerast. Um margra ára skeið hefur mér virzt þrír af áhrifamönnum íslenzks þjóðfélags vera einna ólíklegastir til að styðja að hinu rétta. Rek ég ekki ástæður þær, sem ég hafði fyrir þessari skoðun, því að ég vil heldur horfa fram en aftur. En á síðustu mánuðum hefur það gerzt, að þrír áhrifa- og virðingarmenn þjóðfélagsins hafa gert allmikið úr hlut þess málefnis, sem við Nýalssinnar teljum mjög miklu varða.

1. *Sigurður Pórarinsson*, prófessor í náttúrufræði, stóð að uppgreftri rústa í Hrafnkelddal, sem mjög studdi sannfræði Íslendingasagna. Jafnframt þessu hafði ég fregnir af því, að hann hefði nú mjög á orði ágæti Helga Pjeturss sem jarðfræðings, fyrir nemendum sínum, og teldi verk hans hafa grundvallarþýðingu eins og líka rétt er.

2. *Sigurbjörn Einarsson* biskup, talaði í predikun sinni á aðfangadagskvöld um það að *kvíknun lífsins á öðrum stjörnum* — í rás heimsþróunarinnar — væri, jafnt sem kvíknun lífsins hér, ef ekki væri um tilgang að ræða, ekki annað en slys í efninu, marklaus viðburður. Greinin hefur ekki verið birt, svo ég viti, þegar þetta er ritað, en ég er viss um að ég heyrði þetta rétt.

3. *Halldór K. Laxness* rithöfundur hefur í hinni nýju bók sinni: *Grikklandsárið*, heilan kafla „Um alheimslíffræði“, þar sem hann talar um Helga Pjeturss. Auðvitað er þessi kaftli, eins og annað frá hendi þessa höfundar, skrifandaður með þeirri sérkennilegu aðferð, sem hann hefur tileinkað sér, en engu að síður er ljóst, að Halldóri þykir það nú vænlegt til vinsælda að láta mikið af kynnum sínum við Helga Pjeturss. Mörg atriði í kafla Halldórs þyrftu leiðréttigar við, ef nokkurnveginn heil brú aetti að fást í þau, en líklega verður einhver bið á því enn, að þær leiðréttigar komi fram. Á sjöunda áratugnum gaf ég út smátímarit á ensku sem hét „*Interstellar Communication*“. Og óðara var HKL kominn með kafla fyrirsögnina „*Intergalactic Communication*“ í næstu bók sinni. Á áttunda áratugnum gaf ég út „*Astrobiology*“ (stjörnulíffræði, alheimslíffræði) — og nú kemur hann með „*Um alheimslíffræði*“. Ekki býst ég þó við að HKL lesi mínn skrif, heldur mun hugsana-flutningur koma til greina. Straumar magnsins bera nú hvern af öðrum fram til stuðnings við málefni Nýals, eins og ljóst má vera af dæmum þeim, sem nú voru nefnd.

Þorsteinn Guðjónsson.

GILDI ÍSLENSKUNNAR

Blóðstreymið í líkamanum samstillist blóðstreymi sambandsverunnar, samstilling hnattanna á milli þannig, að það verði sama hjartað í báðum.

Sama má segja um tunguna, þetta blóðríka líffæri, að það verði sama tungan í báðum.

Tungumálið verður hið sama á báðum hnöttum, ef tungurnar eiga að verða eins og ein.

Það gefur þeim því meiri möguleika, sem tala sama tungumál, þótt sinn á hvorum hnetti sé.

Nú hafa Íslendingar einir varðveitt hið forna norræna mál. En norrænir fornmenn standa að hjálp frá öðrum hnöttum.

Petta gefur Íslendingum meiri möguleika en öðrum þjóðum að þiggja kraftinn og snilldina frá fornmönnunum norrænu.

Gunnar Hjörvar.

NÝALL OG ÁFENGI

Nýall boðar, að blóðstreymið í líkamanum samstillist blóðstreymi sambandsverunnar, samstilling hnattanna á milli þannig, að það verður eins og sama hjartað í báðum. Það þarf svo að vera, að sambandið komist á það stig milli manns og guðs.

Öeðlileg áhrif á blóðstreymið, eins og áfengið hefur, hindra þessa samstillingu blóðstreymisins hnattanna á milli. Neysla áfengis á öðrum hvorum hnettinum kemur í veg fyrir, að það verði sama hjartað í báðum. Áfengisneysla eins getur leitt til áfengisneyslu annars á öðrum hnetti. Einhver drekkur í gegnum annan. Það liggur í augum uppi, að hin minnsta áfengisneysla truflar samband manns-ins við guð.

Nýall boðar þannig algert áfengisbindindi og það frá líffræðilegu og vísindalegu sjónarmiði.

Gunnar Hjörvar.

BURDLÍK Í FRAMLÍFI

Á árunum 1966—1977 kom stöku sinnum fram í sambandi miðla Nýalssinna, maður sem nefndi sig því ókunnuglega nafni Burdlík, enda var það tungumál sem hann talaði í fyrstu, með öllu óskiljanlegt viðstöddum, hvað orð og setningar varðaði. En þó að við skildum ekki málið, fór ekki á „milli mála“ af hvaða anda var talað. Það var mikil og göfug sál sem talaði af móði um sögu „sorganna lífs“, síns og annarra, og verður mér alla ævi minnisstætt hvernig eins og skiptust þarna á hljómur baráttuviljans og svo hið angurværa lag um þrautir og erfiðleika, sem virtust óyfirstíganlegir. — Það var mikið tjón að þessi fyrsta ræða skyldi ekki nást á segulband, því að líklega hefði af henni mátt kanna eðli tungumálsins allvel, en sama verður ekki sagt um þær eftíhreytur, sem náðust síðar. — Síðar var farið að þýða ræður Burdlíks fyrir okkur í sambandinu, og var okkur sagt að hann væri frumlífsvitringur, sem uppgötvað hefði margt hið sama og Helgi Pjeturss hér, og mætt líkum erfiðleikum og hann hjá hinu fávísa og hleypidómafulla frumlífsmannkyni, sem hann er af. — Okkur var sagt að við það að komast í samband við okkur — tilkynna um sig á öðrum frumlífsnetti — hefði greiðzt töluvert úr fyrir honum og málefni hans, — en þó ekki nærri nógu vel, og á síðustu árum mátti vel merkja þverrandi þrótt Burdlíks til að koma fram í sambandinu.

Á sambandsfundí 11. jan. 1981 spurði ég sambandið (H. P.) hvað liði Burdlík núna. „Burdlík er kominn á betri hnött“ var svarað og var sagt að það hefði gerzt fyrir 2 árum. Ingvar spurði hvernig gengi með hreyfingu hans og málefni. Var sagt, að það gengi nú töluvert betur og ástand mála hefði að ýmsu leyti skánað. „Hafa þeir skammazt sín?“ spurði ég. „Ekki nóg“, svaraði Helgi, og svo var það ekki lengra.

Við getum samfagnað Burdlík að vera kominn í betra mannfélag, en hljótum þó umfram allt að beina huganum að framgangi réttrar hugsunar á frumstöðvum hans. Vonandi er að raddir stjörnufræðinga þar um að líf sé hvergi nema í því sólhverfi, þagni — og að þeim lærist að líta dálítið út fyrir „Satúrnus“ sinn.

Porsteinn Guðjónsson.

DÁSAMLEG LÆKNING

Það koma til míni margir, bæði konur og karlar, sem biðja um andlega hjálp. Ég er kona, 84 ára gömul. Bæna-iðja og dul-lækningar er erfitt starf og öllum ofviða, ef ekki kæmi til andleg hjálp ofanað.

Guð sendir mér og öðrum, sem bæna-iðju stunda styrk og andlega blessun, með ýmsu móti. Hér skal sagt frá einni slíkri.

Það kom til míni maður í heimsókn, sem ég hafði ekki séð áður. Hann sagðist heita Þórarinn Jónsson. Ég bað hann að setjast í stól, rétt hjá mér, af því ég heyri svo illa. Ég fann strax, að þessi maður var fróður um andleg mál og einnig gæddur mikilli andlegri orku. Þórarinn sagðist heimsækja mig vegna hugboðs, sem hann fékk um það. Hann sagðist hafa lesið blaðaviðtalið við mig, í jólablaði „TÍMANS“.

Við bárum saman bækur okkar og töluðum um dulræna reynslu okkar beggja. Þórarinn sagðist hafa orðið fyrir andlegrí vitrun 16 ára, og þau áhrif, sem hann varð fyrir þá, haldist óslitið síðan, en aukist með aldrinum, við bæna-iðju og dulræn störf, þjáðum til hjálpars.

Ég fann mikla orku geisla, frá bessum manni. Orkunni fylgdi mildur friður. Daginn, sem Þórarinn kom, leið ég miklar brautir í vinstri fæti. Fóturinn var bólginnt um öklann. Ég bað Þórarinn að athuga fótinn, sem ég hafði brautir í og tók hann því hlýlega.

Ég fann brautirnar minnka, en bólgan var sú sama. Að samtali okkar loknu, kvaddi Þórarinn og fór. Ég þakkaði honum komuna, og bætti því við, af fyllstu sannfæringu, að aldrei fvrr á minni ævi, hefði ég fundið slíka orku frá neinum, sem ég hefði mætt á lífsleiðinni. Ég sagði Þórarni, að ég væri bess fullviss, að guð hefði sent hann til míni á þessu kvöldi. Þórarinn svaraði því til, að hann teldi hugboðið, sem varð þess valdandi. að hann kom, vera boð frá æðri heimi. Hér væri um ljósgiðfula lífgeishun að ræða, á því væri enginn efi. Sér væri skylt að geta þess, að konan sín hefði hvatt til þessarar heimsóknar.

Klukkan hálf tíu, þetta sama kvöld, tek ég eftir því, að búið er að skera langan skurð, í bólgsna fótinn. Ég sé blóð vætla úr skurðinum, en ekki varð ég vör neins sársauka. Fimmtán mínútum síðar, er búið að sprauta í fótinn. Far sást, eftir nálarstunguna, en sársauka fann ég engan.

Morguninn eftir fann ég ekkert til í fætinum. Bólgan var horfin. Skylt er að geta þess, að þennan dag, sem hér um ræðir, var ég

berfætt, vegna þrauta í fætinum. Þess vegna tók ég eftir að blóðið rann. Einnig skal þess getið, að ég var glaðvakandi, í vökuvitund jarðlífsins. Linnulaus straumur fólks til míni, einmitt þennan dag. Ég sinnti hjálparbeidiðnum þess, þrátt fyrir sárar þrautir í fætinum.

Sigurrós Jóhannsd. 4. febrúar 1980.

SKÝRT FRÁ FYRIRBÆRI

Ég fer oft sálförum og dreg enga dul á það. — Hér segi ég frá einni slíkri. — Næstu nótt, eftir að Þórarinn heimsótti mig, er ég stödd í stórum sal. Þar er margt fólk saman komið. Engan þekkti ég, í þeim fjölda, sem þarna var, nema móður mína, sem dáin er fyrir 35 árum. Þarna sá ég hana nú, henni fylgdi mikil birta. Ég skynjaði mikinn frið þarna inni, og skynjaði enng frðar-þel fólksns.

Móðir míni kemur til míni og segir:

„Þú varst látin koma hingað til að segja frá því, sem þú sérd og heyrir“. Ég skynjaði, að fólk ið, sem ég sá þarna, var allt framliðið, og farið af vorum heimi (jörðunni). Mikill vinar- og samhugur ríkti, á meðal fólksins. Mér virtist fólk ið, sem þarna var, bíða eftir einhverjum.

Þá sé ég að Þórarinn (sem ég hef áður nefnt), koma í salinn. Þórarinn var klæddur bláum kirtli, með hvítum röndum. Móðir míni gengur til hans, býður hann velkominn og þakkar honum bænastarfið og alla þjónustu, öðrum til hjálpar. Allir viðstaddir tóku undir orð móður minnar af innileik. Samkoma þessi varaði lengi.

Hér, í vöku-vitund jarðlífsins bæti ég þessu við það, sem áður er sagt. Ég veit að margir fleiri en þeir, sem ég sá þarna hinum megin við tjaldið, sem skilur okkur hér frá hinum framliðnu, hafa notið og munu njóta blessunar, af bæna-iðju Þórarins Jónssonar. Hérna megin, sem og hinum megin, njóta allir lífsstreymis bænastarfsins. Það lífstreymi er frá guði komið. Því þarf engan að undra, þótt ýmislegt gerist, sem menn (almennt) eiga erfitt með að skynja og skilja. Frá vitrun þeirri, sem að framan greinir, segi ég frá, eins og mér var boðið.

Vitrun tel ég þetta vera, en ekki draum. Sjálf hef ég orðið blessunar aðnjótandi, frá bænastarfi Þórarins. Slíkt er efunarlaust. Hví skyldu þá ekki fleiri njóta þeirrar blessunar líka?

Sigurrós Jóhannsdóttir.

Ljóð

NÚ LJÓMAR SÓL —

Nú ljómar sól og léttir bólstrar skýja
um loftið berast hægt svo vart ég greini.
En yfir öllu er himinbláminn hreini,
sem hefst að dýpt við lifnun alls hins nýja.

Og hví skal þá, er hljómar vorsins gígja
hins horfna leita, sumt hvað varð að meini,
og vera nú hinn angurhljóði, eini,
og árbros dagsins nýja reyna að flýja?

Að flýja er hið fjarsta því að lifa.
En feyskjur aldnar gróa lítt á vorin.
Þær bíða þess að brenna og losni um kjarnann.

Hvort fer ég mínum fjötrum loks að bifara
og flugi að ná og verða létt um sporin,
er boðar nótta hin blíða aftanstjarna?

*Porsteinn Jónsson
á Úlfssstöðum.*

Draumar

Erfiður draumur um ásókn illra vera

Draumur þessi er dreymdur 3ja desember 1980. Í draumnum er ég staddur á sléttu, mest sandauðn. Ekkert veit ég hvar þetta er, kannaðist ekki við né sá raunverulegt landslag. Það sem fyrir sjónir bar, minnti í einu orði á *auðn*. Parna er ég staddur í hópi manna, sem ég ekki þekkti, en hafði hugmynd um, „að koma ætti mér fyrir“. Enga sá ég undankomuleið. Ef ég reyndi að draga mig útúr, fylktu mennirnir sér umhverfis mig. Ekki beittu þeir þó neinu ofbeldi. Mér þótti líklegt, að þeir væru að leita að stað, þar sem hagkvæmt væri að hylja verknaðinn.

Ekki man ég að nokkur talaði orð, en mér sýndist, að menn þessir tækju ótal myndbreytingum. Stundum voru það einskonar grímur eða dulbúningar. Gervi þessi fundust mér stundum minna á fólk, sem ég hafði þekkt, en þóttist þó skynja, að þetta væri fals eitt. Allt sýndist þetta lifandi fólk, en þó blekkingavefur.

Eitt sinn herti ég ganginn og varð aðeins á undan þeim, en næst mér var dólgyr, risi að vexti og ekki árennilegur. Ef til vill var þetta foringi fararinnar. Ég tók hann samt taki, þótt slíkt væri ekki álitlegt. Samt fannst mér, að ég hefði afl við hann og dró ekki af mér. Ég krafsaði framan í hann, en þá var líkt og teygðist á grímu og andlitið, ef svo mætti kalla, lengdist, án myndbreytingar. Svona var það, hvar sem ég tók á honum. Petta var líkast því sem gamlar sagnir herma, er menn glímdu við draug.

Ekki varð ég þess var, að neinn skipti sér af þessari sennu okkar. Petta leið svo hjá, án þess að nokkuð gerðist og fylkingin hélt áfram í sama stíl. Ég var í raun hættur að vænta undankomu, því ljóst var, að mín var vandlega gætt. Parna sást ekkert kvíkt og ekki kennileiti, sem bentu til mannaferða.

Hvað þessi ganga stóð lengi, get ég ekki gert mér grein fyrir. Þó kom að því, að við blasti þyrring af húsakofum, sem sjáanlega

hafa verið byggðir af mannahöndum. Allt var þetta hrörlegt og benti ekki til mannabyggðar.

Mér datt strax í hug, að þetta væri mjög fornt; hafði lesið um stórbýli hér áður, þar sem bændur leyfðu fátæklingum að byggja sér kofa og hafa einhverjar skepnur, en áttu aftur frían aðgang að þessum mönnum til vinnu hjá sér, hvernig sem á stóð hjá þeim.

Við þessa kofa staðnæmdist hópurinn og mér kom tilugar, að hér væri tilvalinn staður til að koma sér fyrir. Við vorum þarna staddir við einn kofann í útjaðri þyrringarinnar og ég sá að fyrir honum var hurð og merkilega sterkleg og hún lokuð með járnhespu.

Ég var þarna í fylkingarbrjósti og þegar ég leit yfir hópin, sá ég að menn voru að ráðskast um eitthvað, en orðaskil heyrði ég ekki. Petta var líkast því, að mennirnir skiptust á hugsunum án orða. Pað vil ég þó ekki fullyrða um.

Allt í einu birtist Runólfur, bróðir minn, sem dáinn er fyrir mörgum árum. Auðvitað þekkti ég hann strax, en fannst hann ívið unglegri en þegar hann fíll frá. Mér fannst hann rjóðari en hann átti vanda til, áheitanlegur og einbeittur, en enga glaðværð að sjá, sem áður var grunnt á.

Kannski var þetta ein blekkingin enn. Þó fannst mér svo ekki vera. Hann bara starði fast á mig og hvorugur sagði orð. Ekki man ég glöggt, hvort hann opnaði hurðina, en opin stóð hún og hann benti mér inn. Ég hlýddi óðara og hurðin laukst aftur. Ekki varð þessi fundur okkar braðranna lengri. Parna inni var kolniðamyrkur, loft svalt og fúlt, svo mér fannst mér liggja við köfnun fyrst í stað. Petta gat líka stafað af hugaræsingi, því mér létti eftir stundarkorn. Sú var þó bót, að enginn úr hópnum hafði komið inn á eftir mér.

Hér dugir ekkert hugarangur, hugsaði ég, heldur reyna að rannsaka kofann. Til þessa var ekki annað ráð en þreifa sig áfram meðfram veggjunum, ef einhversstaðar kynni að leynast smuga. Petta gerði ég vandlega, svo langt sem ég náði upp. Pegar ég hugðist hafa farið mest allan hringinn, því ég áttaði mig á stöfnunum, fann ég hurð. Hvernig sem ég þreifaði, fann ég enga loku og þótt ég sparkaði í hana með fótunum og berði með höndunum, sem ég orkaði, var þar ekkert lát á. Þá mundi ég eftir, að ég hafði hrasað um bút af tré eða járni í þessari leit.

Ég af stað aftur og fann bútinn. Petta virtist stubbur af rafti, ekki sver og allvel meðfærilegur. Nú var aftur snúið að hurðinni og gengið á hana með þessum rafti. Fáir munu af sér draga, þegar líf liggur við og eftir mikla barsmíð kom gat á hurðina og eftir langa

mæðu tókst mér að stækka það svo, að ég gat skriðið þar í gegn. Var ég að losna út úr þessu? En sú von skýrðist lítt. Parna tók við líkur kofi og engu meiri birta. Raftinn hafði ég þó í hendi og gat brotist út þarna á sama hátt og áður.

Til að stytta langa sögu, skal það eitt sagt, að ég braust þarna í gegnum nokkra kofa í líkum stíl, en töluna man ég ekki.

Við síðasta húsbrotið birti fyrir augum og við mér blasti bæjarhlað á stórum sveitabæ og allt þar í kring virtist eðlilegt.

Á hlaðinu var hópur af fólk og ég gekk í áttina til þess. Ekkert kannaðist ég við þennan bæ, landslag eða fólkid, en upp í hugann skaut af öryggi *Valþjófsstaður í Fljótsdal*. Parna hafði ég tvisvar komið. Í fyrra skipti fyrir tugum ára í jólaleyfi og slapp þaðan svo að segja ósofinn eftir þrjú dægur. Þá var þar prestur séra Pórarin Pórarinsson. Þessi dægur hafði ég setið í dýrlegum fagnaði, við söng, leiki, dans og sögur sagðar af ýmsu tagi.

Öðru sinni fyrir fáum árum hafði ég rennt þar við til að sjá Valþjófsstaðahurðina (eftirlíkingu). Viðstaða míni þar var örurstutt. Ég hitti þó prestinn og bað hann að vinna að því, að mynd Porrarðar Pórarinssonar, skírðist í augum Austfirðinga. Allt þetta rifjaðist upp, en nú þekkti ég þarna hvorki landslag, byggingu né fólk. Festi þó auga á karli og konu og sú vissa skapaðist, að þetta væru prestshjónin á staðnum. Ekki þó þau, er ég þekkti, þarna vantaði yfirbragð og framkomu þeirra, sem við köllum íslenska menningu. Ég yrти ekki á neinn og enginn á mig, samt hlýtur eitt-hvað að hafa skeð milli míni og prestsfrúarinnar, sem horfið hefur úr draumnum og óvissan ein eftir, þó glögg.

Það næsta er að frúin liggur fyrir fótum mér, enga áverka sá ég og var alveg forviða. Gat slíkt skeð að ég hefði hrundið henni eða slegið? Slíkt hafði mig aldrei hent að leggja þannig hendur á hinn betri helming. „Par með var draumurinn búinn“.

EFTIRMÁLI

Pennan morgun vaknaði konan míni, Svava Jónsdóttir, við eitt-hvert uml í mér og að ég bylti mér all hastarlega. Þá vantaði klukkuna 10 mínutur í átta. Hún fór þó ekki strax framúr, heldur hugsaði sér að bíða og vita, hvort ég segði ekki eitthvað. Hún heyrði samt engin orðaskil, en að síðustu rak ég upp óp. Gekk hún þá yfir að rúmi mínu og lagði hendina á öxl mér, þá er ég vanur að vakna, þótt ekkert sé sagt við mig. Nú dugði slíkt ekki til, heldur ýtti ég hendi hennar frá mér og hnipraði mig uppí horn.

Spurði hún mig þá, hvort mig dreymdi illa. Svar mitt var, að morðingjarnir væru ennþá allir þarna. Sá hún þá, að hér var ekki allt með felldu. Annaðhvort væri ég ennþá sofandi eða búinn að missa vitið. Í þessu þjarki að vekja mig stóð, þar til veðurfregnir byrjuðu kl. 15 mín. yfir átta. Slagur þessi hafði þá staðið í 25 mínutíð. Í raun var ég vaknaður, minnsta kosti að hálfu til. Mér fannst augu mínlímd aftur og líkast til hefi ég ekki viljað opna þau af ótta við að draumurinn héldi áfram. Málróð Svövu þekkti ég, en var þetta ekki bara ein gildran enn? Hvort það voru veðurfregnirnar eður ei, sem sannfærðu mig, vil ég ekki um segja, nema ég dreif mig í fötin. Þetta reyndi tölувert á mig og Svövu líka, svo við vorum hálf dösudum um daginn. Drauminn skrifaði ég upp, það sem ég mundi fyrir víst, en var tregur til að segja konunni hann allan, því þetta var ekki beint fagnaðarerindi.

Halldór Pjetursson

(Dreymt 3. desember 1980).

Svífandi, björt vera. — Draumur

Mig dreymdi, að ég gekk með sjó fram. Hátt fjall var til hægri handar, og horfði ég upp eftir hlíðum þess.

Sá ég nú hvar vera nokkur sveif hátt í lofti og bar við efri hluta fjallsins. Mjög var vera þessi björt. Af henni stafaði einhverskonar ljóma. Sál mínlímdur snortin unaði af að horfa á hana. Alllengi horfði ég á þessa dýrðarveru, og sá hvernig hún sveif meðfram fjallinu frá hægri til vinstri.

Mér þótti veran vera í allmikilli fjarlægð, e. t. v. í svo sem 1—2 km í burtu, en þótt undarlegt væri, sá ég hana mjög greinilega, eins og væri hún í aðeins 10 til 20 metra fjarlægð. Hver gæti verið skýringin á því?

Ingvar Agnarsson


(Dreymt 12. júní 1979).

Draumur um hátt fjall

I.

Mig dreymdi, að ég sæti í veislu, við bord undir berum himni. Pótti mér vera kjöt á borðum. Með mér voru Þorsteinn Guðjónsson, Þorsteinn á Úlfss töðum (auðvitað rangþýðingar) og tveir eða þrír útlendingar. Ræddum við um Nýalsstefnuna og um framtíð heimsins. Svo stóðum við upp og gengum í átt til hárra tindóttra fjalla, er gnæfðu við himin framundan okkur.

Eitt fjallið var þar miklu hæst og vakti það sérstaka athygli mína. Tindur þess var rauðleitur og eins og uppljómaður af sólskini, en allur neðri hluti fjallsins var eins og í bláleitum skugga, en þó sáust einnig þar drættir þess og ýms kennileiti. Var ég mjög heillaður af fugurð þessa fjalls.



Hin draumséðu fjöll munu hafa littið þannig út í aðalatriðum, en auðvitað er ekki hægt með teikningu að túlka að fullu landslag, sem í draumi er séð. Öll, eða flest smærri atriði eða kennileiti blýtur að vanta inn í myndina (nema þá að athygli draumgjafans hafi beint að einhverju þeirra sérstaklega, eins og stundum ber við), því draumurinn er orðinn að minningu aðeins, þegar vaknað er. Auk þess virðist svo, að draumgjafinn veiti oftast aðalatriðunum athygli aðeins, en ekki smærri atriðum, og er það í samræmi við okkar eigin athuganir á því, sem fyrir augu ber, í eigin vöku lífi.

Við, sem þarna vorum á ferð, höfðum allir mikinn áhuga á, að skoða þetta fjall nánar.

En draumurinn varð nú svo óskýr, að ég get ekki skýrt frá fleiru.

II.

Ég þykist hafa tekið eftir því, að oft dreymir mig skýrasta drauma, eftir að hafa átt samtöl við mæta menn daginn áður. Svo var og í þetta sinn, því áhugaverð samtöl átti ég af tilviljun, fyrst við Kristínu Björnsson skáldkonu, sem hvatti okkur til meiri athafnasemni fyrir málefni nýalsstefnunnar, og síðar um daginn við Halldór Kristjáns-son frá Kirkjubóli, sem nýlega ritaði merkan ritdóm um bókina „*Málþing Íslendinga*“.

Mér bykir líklegt að góð stilliáhrif frá framangreindu fólki, hafi átt nokkurn þátt í að skapa þau sambönd, er leiddu til þessa skýra draums. Góð stilliáhrif munu einmitt oft vera forsenda skýrra drauma, hvers efnis sem þeir annars eru. Fyrri hluti draumsins var annars heldur óskýr, samband við draumgjafann fremur ófullkomíð, og því nokkuð um rangþýðingar, eins og oft vill verða á meðan fullkomnara samband er að komast á. En síðari hluti draumsins, þegar athygli draumgjafa míns beindist eindregið að fjallinu, var mjög skýr, eða eins og sýn í vöku getur best orðið.

Ingvar Agnarsson

(Dreymt 30. september 1980).

Draumur, sem fyrirboði um sjúkravist

Ég held að ég hafi aldrei sagt ykkur þennan draum. Kannski styður hann ekki kennigar Nýals, en mér finnst hann merkilegur að mínum dómi og rættist bókstaflega.

Veturinn 1968 var ég lögð inn á Landsspítalann, gekk undir þrjá holskurði. Fyrst við botnlanga, sem var sprunginn og fékk uppúr því ofsalega lífhimnubólgu. Næst móðurlífsskurð og gallsteinar ráku lestina. Alls lá ég þar í 11 vikur. Dagana áður en ég fór heim, var ég hjá Ingibjörgu Eiríksdóttur, prests í Bjarnanesi,

sem var svo elskuleg að bjóða mér þetta. Sagði þó, að ég byggist við að fara hingað fljótt aftur og sagði henni draum, sem mig hafði dreymt á föstudagsnótt, en burtfarardagur átti að vera daginn eftir, laugardag. Draumurinn var á þessa leið:

Mér þótti vera kominn laugardagsmorgunn og var að láta niður í töskur mínar dót, sem ég hafði haft með mér, fót og fleira. Flýtti ég mér mjög, því ég vissi að læknarnir færu að koma á stofugang. Vildi vera búin að þessu áður. Mér þótti að ég væri að hugsa um það, hve gott væri, að þetta bæri upp á laugardag, en þá koma flestir læknarnir á stofugang og ég gæti kvatt þá, því flestir þeirra höfðu gert eitthvað fyrir mig.

Pegar ég var nýbúin að ganga frá, komu læknarnir inn. Peir töluðu eitthvað við mig, einnig við konuna, sem með mér var í herberginu. Síðan kvöddu þeir mig vingjarnlega og óskuðu mér góðs bata og gengu síðan til dyra. Tók ég þá eftir því, að einn stóð eftir úti í horni öðru megin við gluggann. Petta var Friðrik Einarsson. Pegar hann sá, að ég tók eftir honum, kom hann til míni og kvaddi mig eins og hinir. En um leið og hann slepti hönd minni, sagði hann og glotti svo illyrmislega, að mér fannst það smjúga í gegnum merg og bein, eins og oft er sagt: „Þú þurftir ekki að kveðja okkur neitt vandlega, því þú sérð okkur fljótt aftur“. Við þetta vaknaði ég og varð þess fullviss, að þetta myndi rætast.

Þeim Friðriki bróður og Ingibjörgu brá mjög, er ég sagði þeim drauminn, því þau vissu, að ég var oft berdreymin. Þau reyndu samt að telja mér trú um, að þetta myndi ekki marktækt. Pegar fólk væri svona veikt, dreymdi það oft illa. Ég sagði, að þetta myndi rætast, en hvað þar yrði langt til, vissi ég ekki.

Morguninn eftir kom svo Ingibjörg að sækja mig. Pegar út í bílinn var komið, segir Ingibjörg: „Heldurðu að þú eigr eftir að fara hingað aftur?“ „Já“, segi ég, „því þegar ég kom út í dyrnar á spítalanum, sá ég two menn þarna með sjúkrabörur og á þeim lá ég sjálf“.

Við fórum svo heim til Ingibjargar og þar dvaldi ég í 6 daga, en þá ætlaði ég heim daginn eftir og var búin að senda bróður mínum skeyti þar um. En um nóttina varð ég fárveik og farið var með mig strax aftur á Landspítalann. Þá var ég skorin upp við gallsteinum, og lá ég þar í 8 vikur, því ég var svo illa fyirkölluð eftir hina leguna.

Pannig rættist þessi draumur.

*Sigurlaug Guðmundsdóttir, Hornafirði
(Dreymt árið 1968).*

Ósjálfrað skrift

Nietzsche talar við Svein Haraldsson

I.

Nítse, sæll, — komdu sæll.

Ég ætla að segja nokkur orð í þetta sinn.

Mín verk sum hafa það til sín ágætis, að í þeim eru sannindi, sem eru, held ég, ekki einskis virði, en þó minni skilningur en skyldi. Snilldarlega hugsað margt, (að) sumu leyti skáldskapur, (að) öðru leyti heimspeki. Heimspekiþátturinn í verki mínu er að sumu leyti skynsamlega hugsaður, en að sumu leyti af vanefnum. Pörf væri á að breyta ýmsu og lagfæra í ritum mínum, sem betur mætti fara. Heimspekin er stundum afleit, merkilegt má þó segja að sé sumt.

A mínum framlífsdögum hafði ég ekki gert mér grein fyrir ýmsu því, er nauðsyn hefði verið á að skilia. Kraftur til að hugsa og skilja og skrifa um tilveruna (var) eigi eins og þurft hefði að vera, en þó eigi laust við, að ég gæti hugsað. Óraði mig fyrir ýmsu og fékk ýmsar hugmyndir og hugsýnir en sambandseðlið sýndi sig í verkum mínum.

Pær sýnir og hugmvndir aðkomnar fyrir samband við aðrar stjörnur gerði ég mér eigi grein fvrir, hvaðan komnar væru. Til þess að skilia slíkt, hefði ég þurft að læra að athuga vitund og huga minn mun betur.

Sambönd bessi sem ég varð aðniótandi höfðu mikil áhrif á hugsun og verk mitt. Og í bessum áhrifum var viðleitni til að auka vit og skilning minn. Peir lengra komnu vildu stvðja mig og efla í mínum verkum. Heimspeki bessi, sem ég lét eftir mig, mun hafa margt í sér fólgvið, er rekia má til utanaðkomandi áhrifa og stiörnusambands. Heimspeki bessi, sem er mönnum kunn. hefur haft ýmisleg áhrif, en það er eigi mín sök. Það kemur ekki allt fram, er ég hafði í huga og hefði sagt, ef ég hefði lengur starfað. Sé ég nú glöggt, hve verk mitt var vansmíðað, en það sem ég þó vildi segja mannkyninu, var ekki sízt, að það ætti að verða æðri vera. Hugsaði ég mjög um mannkynið sem slíka veru og hvernig það gæti orðið slík vera. Og það má ef til vill bæta því við, að það, hvernig ég hugsaði mér það, hafi ekki verið alls kostar rétt hugað. En það verður að athuga það, að ég hafði ekki næga þekkingu og vit til að skilja það sem þurfti.

Er þá ekki meira að segja um þetta að sinni. En af mér á öðrum hnetti og lífi mínu þar og störfum, hef ég mikinn hug á að segja, og er vonandi að ég fari að geta það.

Pakka. Vertu sæll.

Sveinn Haraldss. (Ritað 18. júní 1972).

II.

Nítse, sæll, Nítse, sæll.

Nú hef ég mikinn hug á að segja nokkur orð við þig. Hinn mikli vitringur og vísindamaður H. P. hefur uppgötvað sambandseðli draumlífsins, sem er mjög þýðingarmikil og merkileg uppgötvun. Það sýnir mikla fáfræði draumafræðinga, þegar þeir líta á draumana sem framleiðslu undirvitundar og þar fram eftir götunum. Skammsýni þessara draumafræðinga veldur því, að þeir hugsa ekki til stjarnanna. Heimssamband lífsins skilja þeir ekki, vita ekki um eðli draumlífsins. Sækja þeir þessar hugmyndir til frægra viðurkenndra manna, en þeir sækja ekki þekkingu til þeirra. Skammsýn heimskoðun veldur mönnunum mörgum vandræðum.

Traust á H. P. væri líklegra til þekkingar og sannrar menntunar en allt annað. Sönn menntun og aukin þekking vísindamanna í heimsfræði, líffræði og sálfræði er nauðsynleg til þess að framfarir vísindanna á jörðinni hefjist fyrir alvöru. Heimsfræði, líffræði og sálfræði hefst ekki á jörð ykkar nægilega, án skilnings á eðli draumlífsins. Til framfara í heimsfræði, líffræði og sálfræði verður að vita af heimssambandi lífsins. Hinn mikli heimspekingur skildi, hvernig maðurinn magnast af utanaðkomandi krafti í svefni, og hvernig þessi orka er skapandi kraftur heimsins. Heimsskilningur mannsins þarf að víkja og verða alheimsþekking. Heimsfræðivísindi og líffræði og sálfræði þurfa að ná út fyrir jörðina og alveg til lífs annarra stjarna. Hin viðari heimsvísindi, sálfræði og líffræði mundu leiða til gerbreytingar á öllu lífi hnattarins.

Mannsstigið verður yfirstigið, munu þá mennirnir ná guðsstigini, sem er hið æðra stig. Um alla jörð mun samstilling allra lifenda verða það öflug, að lífið mun verða ein heild gyðja og guða. Þessu stigi verður náð, þegar maðurinn uppgötvar lífsambandið í alheimi og lærir að samstillast guðnum á öðrum hnöttum. Ég held ég láti þetta nægja að sinni og þakka. Vertu sæll.

Sveinn Haraldss. (Ritað 24. júní 1972).

BÆKUR OG TÍMARIT

DRAUMAR OG SVEFN, eftir Þorstein Jónsson á Úlfsstöðum.
Útg. 1975. 84 síður. Verð kr. 1200.

TIL ÞÍN. Ljóðabók eftir Þorstein Jónsson, 136 s. Verð kr. 3000.

GUDIRNIR Á SÍRÍUSI. Vitranasaga eftir K. O. Schmidt, í þýðingu Þorsteins Guðjónssonar. Útg. 1978. 98 síður. Verð kr. 2500.

LÍF ER Á ÖÐRUM STJÖRNUM, eftir Þorstein Guðjónsson. Útg. 1973. Kenning Dr. Helga Pjeturss í ljósi nýrra staðreynda. 70 s. Verð kr. 1000.

ASTROBIOLOGY, The Science of the Universe, eftir Þorstein Guðjónsson. Útg. 1976. 208 síður. Verð kr. 3000.

MÁLPING ÍSLENDINGA, um fyrsta heimspekinginn og framhald lífsins, eftir Þorstein Guðjónsson. Útg. 1979. 208 síður. Áskriftarverð kr. 6500 í bandi, í pappírskilju kr. 5000.

Til sölu er einnig:

LEBENSMEISTERUNG DURCH PSYCHODYNAMIK — bók um það að ná tökum á lífsaflí sínu, sjálfum sér og öðrum til framfara. Bókin er á þýzku máli, og er eftir A. R. Walther, arftaka K. O. Schmidts, sem heldur áfram verki hans að honum látnum. Frá forlagi AT í Sviss. Verð 27.00 svissneskir frankar, sem umreiknast í krónur á söludegi.

NEUES DENKEN, tímarit, sem er tengiliður hreyfingar um málefni K. O. Schmidts í Pýzkalandi og víðar. Ársáskrift DM 24.00. Ritstjóri A. R. Walther.

Pöntunum um ofanskráð rit veitt viðtaka í s. 41006 eða í Pósthólf 722, Reykjavík.

FÉLAG NYALSSINNA, Pósthólf 1159, Rvík, sími 40765.

LÍFGEISLAÚTGÁFAN, Pósthólf 722, Rvík, sími 41006.

Lífgeislar

Útgáfandi: FÉLAG NÝALSSINNA
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

ERINDI OG GREINAR:

FRAMVINDA LÍFSINS

Stjörnuskoðun með berum augum (Sjá forsíðumynd).

| | |
|---|----------|
| I. A. | Bls. 144 |
| Um Teilhard de Chardin. Æviatriði. P. G. | — 145 |
| Samanburður á þróunarskilningi Teihards de Chardin og Helga Pjeturss. Porsteinn Guðjónsson | — 149 |
| 1. Upphaf og elzta þróun. | |
| 2. Meðvitund í alheimi. | |
| 3. Efnasambönd og lífsupphaf. | |
| 4. Lamarck og lífsþróunin. | |
| 5. Kvíknun lífsins og kraftur lífsins. | |
| 6. Líkt og ólíkt hjá Teilhard og Helga Pjeturss. | |

Nýr rithöfundur? Porsteinn Guðjónsson — 161

Prír áhrifamenn. Porsteinn Guðjónsson — 161

Gildi íslenskunnar. Gunnar Hjörvar — 163

Nýall og áfengi. Gunnar Hjörvar — 163

Burðlík í framlífi. Porsteinn Guðjónsson — 164

Dásamleg lækning. Sigurrós Jóhannsdóttir — 165

Skýrt frá fyrirbæri. Sigurrós Jóhannsdóttir — 166

LJÓÐ:

Nú ljómar sól. Porsteinn Jónsson — 167

DRAUMAR:

Erfiður draumur um ásókn illra vera. H. Pjetursson — 168

Svífandi björt vera. — Draumur. I. A. — 171

Draumur um hátt fjall (með mynd). I. A. — 172

Draumur, sem fyrirboði um sjúkravist. Sigurl. Guðm. — 173

ÓSJÁLFRÁÐ SKRIFT:

Nietzsche talar við Svein Haraldsson 18. júní 1972 ... — 175

Nietzsche talar við Svein Haraldsson 24. júní 1972 ... — 176

Auglýsing um bækur og tímarit — 177